

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-39/2015

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. maí 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna á þjónustu af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. ísetningu seljanda á miðstöð í bifreið í umráðum álitsbeiðanda. Sérfræðingur sem kæruneftndin leitaði til skilaði áliti sínu um þjónustuna sem um er deilt hinn 9. maí 2016. Afrit af álitinu var sent á málsaðila. Í kjölfar þess barst bréf frá seljanda þar sem m.a. kom fram að raunverulegur greiðandi/kaupandi þjónustunnar hafi verið einkahlutafélag nokkuð sem tengist álitsbeiðanda, en ekki álitsbeiðandi sjálfur. Með bréfi dags. 17. maí 2016 sendi kæruneftndin álitsbeiðanda því svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

1) Endanlegan reikning vegna kaupa þinna á vörum og þjónustu af Y í tengslum við breytingar á bifreiðinni xx-000, sem munu hafa farið fram á árinu 2012 skv. gögnum málsins. Í málinu liggur aðeins fyrir tilboð vegna breytinga á bifreiðinni, en það gagn er ekki fullnægjandi.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 17. maí n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.

Beðist er velvirðingar á þeim töfum sem hafa orðið á afgreiðslu málsins.“

Álitsbeiðandi svaraði kæruneftndinni með bréfi, dags. 24. maí sl. Í bréfinu kom fram að álitsbeiðandi gæti ekki fundið umræddan reikning. Verðu kæruneftndin því að líta á sem svo að rétt sé hjá nefndum seljanda, að kaupandi hinnar umþrættu þjónustu hafi verið einkahlutafélag á vegum álitsbeiðanda, en ekki álitsbeiðandi sjálfur. Eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningurinn að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögunum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í

tengslum við starf hans. Kaupandi framangreindrar þjónustu er einkahlutafélag og falla því þess á þjónustu ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kærunefndar lausafjár og þjónustukaup með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kærunefndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

### III

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson